



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Drafnarsteinn

2026– 2027



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 .....	4
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4.	Starfspróunarsamtöl.....	9
5.	Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans .....	9
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
7.	Foreldrasamstarf .....	9
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	9
9.	Þróunarverkefni.....	10
10.	Fylgiskjöl: .....	11
10.1	<b>Innra mat deilda 2025-2026</b> .....	11
10.1.1	Drafnarborg: Hlíð og Hóll. ....	11
10.1.2	Hulduhólar.....	13
10.1.3	Álfheimar.....	14
10.1.4	Trölladyngja.....	15
10.2	<b>Umbótaáætlun deilda 2026-2027</b> .....	16
10.2.1	Drafnarborg.....	16
10.2.2	Hulduhólar.....	19
10.2.3	Álfheimar og Trölladyngja .....	21
10.3	Leikskóladagatal 2026 - 2027.....	25
10.4	<b>Umsögn foreldraráðs</b> .....	26





## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Þetta hefur verið vetur fullur af breytingum og úrbótum. Í haust vildum við gera eitthvað róttækt til að þetta raðirnar og fara yfir hvort við værum örugglega aldrei ein með börn, og að rýmið okkar væru örugg. Því var ákveðið að færa þau börn sem voru í Brekku (lausa stofan á Seljavegi) inn í hús Dvergasteins. Þá tæmdum við kaffistofu starfsmanna, sem vék þar með fyrir börnum, og öll starfsmannaaðstaða er því komin í Brekku. Þar með gátum við einnig útbúið góða starfsmannaaðstöðu sem hefur lengi skort. Brekka skiptist því nú í kaffistofu starfsmanna, fundarherbergi og undirbúningsaðstöðu. Þessi breyting kallar á aukið skipulag í barnahópnum, þ.e. að nýta öll rými vel svo öllum líði vel.

**Lausnarhringurinn:** Í þó nokkurn tíma höfum við verið að skoða aga stefnur og átt í samtali um hvað við viljum fyrir skólann hvað þetta varðar. Í haust tókum við þá ákvörðun að innleiða Lausnarhringinn, sem er samtalstæki um hegðun og sáttmáli. Sjö lykilhugtök eru í hringnum, en þau eru að: skiptast á, vera með, fyrirgefðu, stjórna sér, hjálpa, segja stopp og síðast en ekki síst að bjóða knús. Innleiðingin var með þeim hætti að höfundur hringsins, Adda, kom á skipulagsdegi starfsmanna og einnig á fund foreldra. Starfsfólk hefur síðan séð um að innleiða verkefnið í barnahópinn. Við erum hæstánægð með Lausnarhringinn!

**Þróunarverkefni:** Okkur var boðið að taka þátt í þróunarverkefninu Leikur-nám og gleði, með leikskólunum Gullborg og Ægisborg, sem hafa síðustu tvö ár unnið í því verkefni, og við ásamt Álftaborg þáðum að vera með. Verkefnið hefur verið skemmtileg innspýting í hópinn og gefið tækifæri til ígrundunar á aðkomu kennarans að leik barna. Þetta verkefni heldur áfram þar sem við höfum fengið styrk til þess.

Þjóðsöguvinna vetrarins var með óhefðbundnum hætti en við ákváðum að taka hina síungu, Línu Langsokk sem fagnar 80 ára afmæli. Það kom sér vel, bæði vegna þess að hún er nú í leikhúsinu og vegna vinnu okkar í þróunarverkefninu. Í stað þess að vera öll með sama textann gátu deildar skólans valið sér sögu sem átti við með hverjum hópi fyrir sig. Það var mikil gleði og leikur sem fylgdi. Við kvöddum svo Línu þemað með foreldrakaffi og sýningu í skólanum, auk þess sem við sýndum afrakstur á borgarabókasafninu á Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar.

**Regnbogavottun:** Á Kváradaginn 24. mars héldum við upp á að hafa nú fengið Regnbogavottun. Undirbúningurinn fólst í fræðslu til starfsmanna, endurskoðun á leik- og lesefni í skólanum o.fl. Við afhentum aðgerðaráætlun og fengum þá vottunina.

**Grænfánaskóli:** Við erum enn aðallega að nota gróðurhúsið okkar sem aðalnámsstað í grænfánavinnu. Þar rækta börnin alls kyns grænmeti, ber, kryddjurtir og blóm. Annað starf tengt fánanum er endurvinnsla og fræðsla um umhverfið okkar.

**Menntastefna:** Verkefni þessa skólaárs passa heldur betur við áherslupáttinn okkar um heilbrigði í menntastefnu Reykjavíkurborgar. Lausnarhringurinn, Regnbogafáninn, gróðurhúsið, áframhaldandi samvinna við Vesturbæjarskóla í sambandi við notkun á íþróttahúsi þeirra o.fl.

Við höfum einnig verið með kennara frá Réunion-eyju í starfsspeglun og fáum tvo leikskólakennaranema frá Þýskalandi í sumar.





## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

### Innra mat

Regnbogavottun	
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundum, deildarfundum og matsfundur með elstu börnum leikskólans.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk skólans og elstu börn leikskólans
Helstu niðurstöður mats	<p>Á skipulagsdegi fengum við góða fræðslu frá Mannréttindastofu Reykjavíkurborgar sem starfsfólk var ánægt með.</p> <p>Nefnd innan skólans sá um innleiðingu regnbogavottunarinnar, fór yfir bókasafnið okkar og hafði yfirsýn yfir það að auka sýnileika regnbogans.</p> <p>Hjá börnunum í leikskólanum má finna ólík fjölskyldumynstur, sem gefur tækifæri til að fara dýpra í viðfangsefnið. Starfsfólk skólans hefur lýst yfir áhuga á áframhaldandi vinnu tengdri því.</p> <p>Börnin sögðu að fáninn við skólann þýddi að það megi vera eins og maður vill og velja sína eigin liti. Þeim fannst ekki gaman að vera öll eins.</p>

Lausnahringurinn	
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundum, deildarfundum og matsfundur með elstu börnum leikskólans.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk skólans og elstu börn leikskólans
Helstu niðurstöður mats	<p>Starfsfólk finnur að það þarf að halda sér við og æfa markvisst að nota nýjar lausnir. Börn og starfsfólk eru orðin örugg með að nota það sem var lögð áhersla á fyrst en finna að það þarf að halda áfram að vinna markvisst með allar lausnirnar.</p> <p>Börnin þekktu lausnirnar og vissu til hvers þær væru. Þau gátu nefnt nokkur dæmi um hvernig lausnirnar eru notaðar. Þeim fannst ganga vel að nota lausnirnar.</p>





## Ytra mat

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum skóla og frístundasviðs fyrir árið 2025
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar, ein könnun er sent á hvert heimili. Svarhlutfall var 82,7%
Helstu niðurstöður mats	<p>Styrkleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Samskipti og viðmót starfsfólks til barnsins</li><li>• Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum</li><li>• Öryggi barna í leikskólanum</li><li>• Viðmót starfsfólks í samskiptum við foreldra, stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi</li><li>• Foreldrum finnst þau geta mælt með leikskólanum við aðra foreldra.</li></ul> <p>Tækifæri til umbóta:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Foreldrar geta fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti og annað sem snerti börn þeirra</li><li>• Markvisst unnið með stefnu og markmið leikskólans</li><li>• Aðbúnaður í leikskólanum</li><li>• Barnið hefur tækifæri á að vinna að skapandi verkefnum</li><li>• Skólinn noti fjölbreyttar og sýnilegar aðferðir til að meta þroska og framfarir barnanna.</li></ul>





Hvað var matið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum Reykjavíkurborg og Sameyki fyrir árið 2025
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk skólans fékk könnunina senda í tölvupósti. 19 starfsmenn svöruðu könnuninni, sem samsvaraði tæplega 50% svarhlutfalli þegar hún var send út.
Helstu niðurstöður mats	<p>Styrkleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Á mínum vinnustað starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga</li><li>• Á mínum vinnustað gegnir starfsfólk ábyrgðarstöðum óháð kyni</li><li>• Ánægja með kaffi og mataraðstöðu</li><li>• Mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt</li><li>• Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja</li></ul> <p>Tækifæri til umbóta:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Svarhlutfall könnunarinnar var minna en 50% sem okkur finnst vera of lágt</li><li>• Hljóðvist</li><li>• Að starfsfólki sé hrósað þegar því gengur vel</li><li>• Ánægja með launakjör</li></ul>





### 3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Starfsþróunarsamtöl, vinna markvisst með stefnu og markmið leikskólans, hrós og jákvæð samskipti, þróunarverkefni og lausnahringurinn
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að starfsþróunarsamtöl séu haldin reglulega yfir árið</li> <li>• Að stefna skólans sé gerð sýnilegri í daglegu starfi og í umhverfi skólans</li> <li>• Að starfsfólk finni fyrir hvatningu og að framlag þess sé metið að verðleikum</li> <li>• Að áhrif þróunarverkefnisins sjáist í daglegu starfi með börnunum</li> <li>• Að börn og starfsmenn haldi áfram að læra að nota lausnirnar og öðlist færni til að beita þeim í daglegum samskiptum</li> </ul>
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að stjórnendur finni tíma með reglulegu millibili til að eiga stutt samtöl við starfsfólk sitt</li> <li>• Að nota skjá í fataklefa til að gera sýnilegt það sem unnið er að hverju sinni, birta ljósmyndaskráningar af starfinu í leikskólanum, ásamt útskýringum við sýnileg verkefni barnanna</li> <li>• Að fá fræðslu á skipulagsdegi um jákvæð samskipti á vinnustað og hefja vinnu við samskiptasáttmála Drafnarsteins</li> <li>• Áframhaldandi vinna í þróunarverkefni í samvinnu við samstarfsskóla</li> <li>• Áframhaldandi vinna við innleiðingu Lausnarhringsins</li> </ul>
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur skólans





<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Starfsþróunarsamtöl verða meira dreifð en áður til þess að það sé auðveldar að standa við þann tíma sem lagt er upp með Önnur verkefni verða unnin jafn og þétt yfir allt skóla árið
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Á deildarfundum, deildarstjórafundum, matsdagur að vori, foreldra- og starfsmannakönnun
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Aukin þátttaka og betri niðurstaða í starfsmanna- og foreldrakönnun. Að starfsfólki líði vel í vinnunni. Að starfið með börnunum sé uppbyggilegt og skemmtilegt.





#### 4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram að vori. Mörg þeirra féllu niður af ýmsum ástæðum. Við viljum bæta skipulag þessara samtala með það að markmiði að betur gangi að standa við að halda þau.

#### 5. Fræðsla almennt út frá umbótáttum leikskólans

Farið verður í námsferð til Ísafjarðar í ágúst. Fræðsla um jákvæð samskipti á vinnustað. Í sumar fáum við fræðslu frá Gunnari Helgasyni, leikara og rithöfund í tengslum við þróunarverkefnið *Leikur, nám og gleði*. Áformað er að hann haldi áfram með fræðslu fyrir verkefnið á næsta skólaári.

#### 6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn er í samstarfi við Vesturbæjarskóla og Skýjaborg, og farið verður í heimsóknir yfir skólaárið. Þar fá börnin til dæmis kynningu á skólabyggingunni og dagskipulagi skólans.

Heimsóknirnar felast meðal annars í útiveru, lestrarstund á bókasafni, samsöng og heimsóknum í íþróttasal.

Samstarfið verður skipulagt nánar með Vesturbæjarskóla næsta haust

#### 7. Foreldrasamstarf

Við skólann er starfandi foreldraráð sem var kosið í janúar. Þar er fjögurra manna stjórn.

Foreldrafélag skólans er mjög virkt og heldur utan um ýmsa viðburði. Það býður upp á fræðslu fyrir foreldra, heldur skiptimarkaði í skólanum, tekur þátt í að skipuleggja jólaball og stendur fyrir páskafröndri og sumarhátíð. Foreldrafélagið mun halda aðalfund í haust þar sem kosið verður í stjórn.

Foreldrafundir verða haldnir í október. Þá skiptast deildirnar á að halda morgunfundi þar sem starf skólaársins er kynnt fyrir foreldrum.

Foreldraviðtöl verða haldin í febrúar og eru skipulögð og undirbúin af deildarstjórum skólans.

#### 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Eftirfarandi eru skipulagsdagar skólaársins 2026–2027. Þeir dagar sem eru feitletraðir eru sameiginlegir með Vesturbæjarskóla. Leikskóladagatalið í heild er í fylgiskjali.

28. ágúst, **30. september**, 6. nóvember, **4. janúar**, **5. febrúar** og **18. maí**.



## 9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
<p>Leikur, nám og gleði.</p> <p>Helstu áherslur: Undirstrika mikilvægi leiksins sem meginnámsleið barna.</p> <p>Þróa starfshætti sem mæta þörfum yngstu barnanna.</p> <p>Festa í sessi vinnubrögð þar sem leikurinn er ávallt í brennidepli.</p> <p>Huga að hlutverki kennara, skipulagi leikumhverfis og leikefnis</p>	<p>Ægisborg, Gullborg, Álftaborg og Drafnarsteinn</p> <p>Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.</p> <p>Gunnar Helgason, leikari og rithöfundur.</p>	<p>B-hluti þróunarsjóðs</p>



## 10. Fylgiskjöl:

### 10.1 Innra mat deilda 2025-2026

#### 10.1.1 Drafnarborg: Hlíð og Hóll.

Tvær deildir starfa á Drafnarborg, Hóll og Hlíð, með jafnaldra barnahópa. Deildirnar unnu mikið saman, þótt hvor deild hafi einnig sinnt sínum eigin verkefnum og kennsluáherslum.

#### Styrkleikar: Hlíð

**Reglulegar gönguferðir og menningarferðir:** Börnin fara reglulega í heimsóknir á bókasafn og söfn í nærumhverfinu þar sem þau fá tækifæri til að kynnst íslenski menningu og samfélagi. Meðal þeirra staða sem heimsóttar hafa verið eru Hvalasafnið, Sjóminjasafnið og höfnin. Einnig fara börnin í reglulegar gönguferðir þar sem lögð er áhersla á að þau kynnist umhverfi sínu, náttúru og nærumhverfi leikskólans.

**Sköpun:** Drafnarborg hefur aðgang að eigin listaskála sem er vel nýttur í skapandi starfi með börnunum. Allt starfsfólk hefur aðgang að aðstöðunni og nýtir hana til fjölbreyttra verkefna sem styðja við sköpunargleði og tjáningu barna. Unnin voru listaverk tengd íslenski menningu og hefðum, meðal annars í tengslum við þorablót.

**Samvera og læsi:** Lögð var sérstök áhersla á læsi í morgunsamveru. Lesefni var fjölbreytt og tók mið af áhuga og þörfum barnanna. Lesnar voru bæði styttri og lengri ævintýrabækur ásamt bókum sem styðja við félags- og tilfinningaþroska barna. Með þessu var stuðlað að auknum orðaforða, hlustun og tengsl í barnahópnum.





## Styrkleikar: Hóll

**Þemaverkefni hópa:** Börnin tóku þátt í reglulegum hópverkefnum sem voru skipulögð út frá meginmarkmiðum skólans og þörfum barnahópanna.

**Sköpun:** Börnin unnu reglulega að list- og skapandi verkefnum. Sköpun var hluti af öllum hópverkefnum, auk verkefna í listaskála. Verkefnin voru bæði hvetjandi, persónuleg og frjáls.

**Bókasafns- og safnaheimsóknir:** Lögð var áhersla á menningarfræðslu og tengslamyndun með heimsóknum á bókasöfn og söfn. Reglulegar gönguferðir voru einnig fastur þáttur í vikulegri rútinu deildarinnar.

**Þróunarverkefni:** Börnin tóku þátt í nokkrum undirbúnum leikstundum sem hluta af þróunarverkefni skólans, Leikur, nám og gleði. Áhersla var lögð á að efla ímyndunarafl, frjálsan leik og hlutverkaleiki þar sem börnin léku saman í hópum.

**Samverustundir:** Lögð var áhersla á ró og notalegt andrúmsloft í samverustundum, þar sem börnin fengu tækifæri til að taka rólegar pásur og taka þátt í fjölbreyttum, rólegum athöfnum.

**Val barnanna á rólegum athöfnum:** Þegar börnin höfðu aðlagast rútinunni kynntust þau valmöguleikum í rólegum athöfnum fyrir samverustundir. Þau voru hvött til að velja sjálf athafnir eins og bókalestur, spil, söng eða að hlusta á hljóðupptökur.

## Tækifæri: Drafnarborg(Hlíð og Hóll)

**Skráning og endurgjöf frá starfsfólki:** Markmiðið var að hvetja starfsfólk til að veita markvissari og uppbyggilegri endurgjöf á verkefni og starf. Nýting undirbúningstíma batnaði og varð reglulegri hluti af daglegri rútinu. Hins vegar skorti enn formlega skráningu og skipulagða endurgjöf.

**Kemur á óvart:** Börnin tóku skipulögðum hópverkefnum afar vel. Það kom á óvart hversu vel þau fylgdu fyrirmælum og tóku virkan þátt. Verkefnin reyndust einnig mjög gagnleg við undirbúning leikstunda í þróunarverkefninu.

**Lubbi finnur málbein:** Lubba-kennsla féll að hluta úr námi yfir veturinn. Hún hélt þó áfram sem samverustund en ekki sem sérstök og aðskilin kennslustarfsemi.

**Skipulagðar gönguferðir í minni hópum:** Til að gera gönguferðir spennandi fyrir börnin og minna álagssamar fyrir starfsfólk var farið oftár í gönguferðir, en með minni hópum.

**Skynjunarstarfsemi:** Markmið teymisins var að mæta betur áhuga og þörfum barnanna með fjölbreyttari náms- og leikupplifun. Börnin sýndu skynjunarstarfsemi mikinn áhuga, sem hvatti starfsfólk til að innleiða slíka starfsemi markvissar í daglegt starf.

**Bókalestur:** Börnin hafa áhuga á bókum en oft reynist erfitt að halda athygli þeirra við lengri sögur. Verkefnið miðar að því að efla áhuga á lestri og menningarlegri fjölbreytni með því að börnin taki með sér bækur sem síðan eru lesnar saman í deildinni.





### 10.1.2 Hulduhólar

Deildinni Brekku var lokað og hún sameinuð við Hulduhóla. Í stað tveggja deilda með 20 börn á hvorri deild er nú ein deild með 30 börnum, skipt í tvö rými. Á deildinni eru tveir deildarstjórar.

#### Styrkleikar

**Skipulagðar ferðir í íþróttasal Vesturbæjarskóla:** Við höfum farið reglulega í íþróttasal Vesturbæjarskóla. Starfsfólk var vel undirbúið og skiptist á að fara með hópinn í íþróttasalinn.

**Sköpun:** Listaskálinn hefur verið fastur liður á deildinni og við höfum haft tvo fasta daga í viku þar. Í listaskálanum hafa börnin fengið að prófa alls konar efni og æfa samskipti sín á milli.

**Samverustundir:** Áhersla hefur verið lögð á góðar samverustundir á deildinni. Börnin skiptast á að vera umsjónarmaður dagsins og æfa sig í að skiptast á að tala og hlusta hvert á annað. Þetta var föst rúttína yfir daginn þar sem öll börnin og allt starfsfólkið tóku þátt.

**Valtafla:** Börnin á Stóru Hulduhólum voru dugleg og fljót að tileinka sér hvernig valtaflan virkar og úthald þeirra jókst með tímanum. Börnin gátu sjálf sett upp spjöld og farið eftir þeim í vali á verkefnum.

#### Tækifæri

**Reglulegar gönguferðir og útikennsla:** Markmiðið var að fara í reglulegar ferðir og stunda útikennslu þar sem börnin fengju tækifæri til að kynna náttúrunni á mismunandi árstímum. Þetta náðist því miður ekki. Á næsta ári viljum við halda þessu „lifandi“ á deildinni og fara oftar með börnin á mismunandi staði.

**Kemur á óvart:** Hugmyndin var að þetta yrði hluti af vali þar sem börnin gætu valið eitthvað sem ekki var fyrir fram ákveðið. Þetta var sameiginlegt verkefni með Tröllheimum, en féll niður strax um haustið.

**Valtafla:** Skipulagðar leikstundir fyrir börn á Litlu Hulduhólum þar sem þau fá tækifæri til að leika sér í rólegheitum í litlum hópum. Þetta veitir starfsfólki betri yfirsýn og skýrara dagsskipulag.

**Hvöld:** Boðið verður upp á tvær vakandi hvíldir þar sem mörg börn hætta að taka lúr yfir daginn. Markmiðið er að mæta betur þörfum barnahópsins og skapa rólegar stundir yfir daginn. Hópnum verður skipt í þrjá hluta: einn sofandi hóp og tvo vakandi hópa.





### 10.1.3 Álfheimar

Á skólaárinu var lagt upp með nánu samstarfi milli Álfheima og Trölladyngju. Árgöngum 2020 og 2021 var blandað til helminga á milli deildanna. Dóti var deilt á milli deildanna með það að markmiði að börnin færu að einhverju leyti á milli deilda að leika sér.

Mikið var um breytingar á deildarstjórum á árinu. Í nóvember tók deildarstjóri Álfheimar við stjórn bæði Álfheima og Trölladyngju. Hún fór í fæðingarorlof í mars og þá tók nýr deildarstjóri við stjórn á báðum deildum.

### Styrkleikar

**Sköpun:** Listaskálinn hefur verið vel nýttur til þess að skapa með börnunum.

**Flæði dagsins:** Góð samskipti eru meðal starfsfólks í flæði dagsins.

**Skipulagðar ferðir í íþróttasal Vesturbæjarskóla:** Samstarfið við Vesturbæjarskóla hefur gengið vel og góður taktur fundist í því að fara með börnin þangað á þriðjudögum. Áframhaldandi samstarf á komandi skóli væri vel til fundið.

**Agi og vinnufriður:** Á deildinni er gott utanumhald um verkefni líðandi stundar og skýrar leikstöðvar

**Opnunarhátíð Barnamenningarhátíðar:** Þátttaka í *Söngvavor í Eldborg* gekk að mestu vel. Áhersla var lögð á að börnunum þætti spennandi og skemmtilegt að taka þátt.

### Tækifæri

**Reglulegar gönguferðir:** Lagt var upp með að fara með hóp í gönguferðir í hverri viku en það varð lítið eða ekkert um það þegar leið á skólaárið. Mikilvægur liður sem kippa þarf í liðinn.

**Lubbi:** Lubbastundir deildarinnar urðu einnig færri þegar leið á skólaárið.

**Opnunarhátíð Barnamenningarhátíðar:** Æfingar gætu hafist enn fyrr en gert var og byrjað að vinna með hreyfingarnar og innihald textans strax. Því fyrr sem byrjað er því afslappaðara og skemmtilegra getur þetta verið.





#### 10.1.4 Trölladyngja

Á skólaárinu var lagt upp með nánu samstarfi milli Álfrheimar og Trölladyngju. Árgöngum 2020 og 2021 var blandað til helminga á milli deildanna. Dóti var deilt á milli deildanna með það að markmiði að börnin færu að einhverju leyti á milli deilda að leika sér.

Mikið var um breytingar á deildarstjórum á árinu. Í nóvember tók deildarstjóri Álfrheimar við stjórn bæði Álfrheimar og Trölladyngju. Hún fór í fæðingarorlof í mars og þá tók nýr deildarstjóri við stjórn á báðum deildum.

#### Styrkleikar

**Skipulagðar ferðir í íþróttasal Vesturbæjarskóla:** Samstarfið við Vesturbæjarskóla hefur gengið vel og góður taktur fundist í því að fara með börnin þangað á þriðjudögum. Áframhaldandi samstarf á komandi skólaári væri vel til fundið

**Skipulagðar lestrarstundir:** Lestur var skipulagður í vetur. Börnunum var skipt í hópa eftir aldri. Vel gekk að halda þessar stundir og lesið var fyrir börnin á hverjum degi.

**Opnunaráttíð Barnamenningarhátíðar:** Þátttaka í *Söngvavor í Eldborg* gekk að mestu vel. Áhersla var lögð á að börnunum þætti spennandi og skemmtilegt að taka þátt.

#### Tækifæri

**Hvöld:** Deildin myndi græða á samræmdari hugmynd um framkvæmd hvíldar.

**Sköpun:** Lítið var um sköpun barnanna á veggjum deildarinnar. Gott væri að auka það á komandi skólaári

**Ótrúleg eru ævintýri:** Lesnar voru bækur um Línu í hvíld og af og til í lestrarstundum en lítið annað fór fram í tengslum við *Ótrúleg eru ævintýri*. Hér eru tækifæri til útbóta þar sem gott væri að hafa hnitmiðaðri verkefni tilbúin þegar næsta þjóðsöguvinna hefst í janúar.

**Opnunaráttíð Barnamenningarhátíðar:** Æfingar gætu hafist enn fyrr en gert var og byrjað að vinna með hreyfingarnar og innihald textans strax. Því fyrr sem byrjað er, því afslappaðra og skemmtilegra getur ferlið orðið.

**Söngur:** Auka mætti reglulegan söng á deildinni. Hafa það sem fastan lið í samverustund.



## 10.2 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

### 10.2.1 Drafnarborg

Drafnarborg	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bókalestur
Tækifæri til umbóta	Að auka lestur í deildinni, kynna gagnvirkar leiðir við lestur bóka og vinna markvisst með lengri sögur.
Aðgerðir til umbóta	Við viljum auka lestrarstundir og efla orðaforða og málþroska barna með stuttum umræðum í kjölfar lestrar.
Ábyrgð	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Að setja markmið í samvinnu við starfsfólk á deildarfundum, taka viðtöl við börnin, halda foreldrum upplýstum og viðhalda reglulegri endurgjöf milli kennara og foreldra.
Viðmið um árangur	Að efla athyglisæfni barna og draga úr álagi hjá starfsfólki, með það að markmiði að viðhalda áhuga barnanna á rólegum athöfnum.





Drafnarborg	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	<b>Skynjunarstarfsemi</b>
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að undirbúa fleiri skynjunaræfingar. Tengja það við list og daglega rútínu hópsins.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Við viljum bjóða upp á fjölbreyttara úrval af skynjunarverkefnum til að gefa börnum tækifæri til að uppgötva og upplifa fjölbreyttar stundir bæði inni og úti.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Allt skólaárið 2026-2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Að setja markmiðið með starfsfólki á deildarfundi, taka viðtöl við börnin.
<b>Viðmið um árangur</b>	Börnum líður vel með skynjunaraðferðir og eru tilbúin að taka þátt, óháð til dæmis óþekktum viðfangsefnum, blautri áferð og öðru slíku.

Drafnarborg	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	<b>Skipulagðar gönguferðir í minni hópum</b>
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að skapa skipulagt og rólegt umhverfi með reglulegum gönguferðum í litlum hópum í stað þess að fara með stærri hópa eða alla deildina í einu.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Við viljum efla þrek barnanna, hvetja til heimsóknna á menningarstofnanir borgarinnar og stuðla að því að þau kynnist nærumhverfi skólans betur.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Vetur og vor 2026-2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Að setja markmið með starfsfólki á deildarfundi, reyna að skipuleggja fyrirfram á milli deildarstjóra.
<b>Viðmið um árangur</b>	Hópar með allt að 6 börnum í einu fara í gönguferðir eða heimsóknir.





Drafnarborg	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	<b>Skráning og endurgjöf frá starfsfólki</b>
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að skrá framfarir, hugmyndir og verkefni í tengslum við undirbúning starfsins, með sérstakri áherslu á tíma sem varið er í undirbúning.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Við viljum að starfsfólk fari markvisst yfir vinnu sína og skrái niður athugasemdir um hana.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Allt skólaárið 2026-2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Að setja markmiðið með starfsfólki á deildarfundum, í persónulegum starfsmannaviðtölum
<b>Viðmið um árangur</b>	Starfsfólk fyllir út stuttar og samræmdar skráningar með endurgjöf.





## 10.2.2 Hulduhólar

Hulduhólar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hvíld
Tækifæri til umbóta	Notaleg stund þar sem börnin fá tækifæri til að hvílast og slaka á eftir sínum þörfum.
Aðgerðir til umbóta	Skipta í minni hópa, lesa upphátt, róleg tónlist, hlustað á sögu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið frá hausti 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Fara yfir á deildarfund, samskipti við foreldra.
Viðmið um árangur	Álag á starfsfólk minnki og vellíðan í barnahópnum aukist.

Hulduhólar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Valtafla
Tækifæri til umbóta	Hafa skipulagðari leikstundir í báðum rýmum. Efla úthald.
Aðgerðir til umbóta	Setja upp töflu og fara eftir því sem er skipulagt. Börnin fá tækifæri til að skiptast á að setja upp dagsskipulagið.
Ábyrgð	Allir deildarstarfsmenn og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið frá hausti 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Í samverustundir með börnunum, á deildarfund og í undirbúningstíma stafsmanna.
Viðmið um árangur	Ef börnin læra að standa við það sem þau hafa valið og ef starfsfólk notar töfluna daglega.





Hulduhólar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Reglulegar gönguferðir og útikennsla
Tækifæri til umbóta	Að börnin lærir á umhverfið sitt kanna náttúruna í mismunandi árstíðum.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að fara reglulega í markvissar gönguferðir. Þær skulu vera vel skipulagðar eiga fastan sess í skipulagi deildanna.
Ábyrgð	Deildastjórar Hulduhólar og starfsfólks deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Regluleg samskipti milli deildarstjóra og góð áætlun. Góð samskipti við starfsmenn innan deilda, reglulegar fundir deilda og mat til að ná þessu markmiði að fullu.
Viðmið um árangur	Ef það verður partur að vikulegu rútinu.



### 10.2.3 Álfheimar og Trölladyngja

Álfheimar/Trölladyngja	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Hvíld
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að börnin fái tækifæri til þess að hvílast og ná ró í amstri dagsins
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Farið yfir hvernig hvíld er sett upp og hvað er í boði í hvíld t.d. róleg tónlist, hugleiðsla, lesið fyrir börnin. Kannað hvernig börnin myndu sjálf vilja hafa þetta
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstarfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Byrjað í september og metið í desember hvort þurfi að halda áfram á vorönn
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Staðan tekin á deildarfundum. Rætt við börnin í samverustundum hvernig þeim finnst best að hafa þetta og hvernig þeim finnst ganga.
<b>Viðmið um árangur</b>	Að börnin nái að hvílast og það sé góð ró á hvíldartíma svo allir fái að njóta sín.





Álfheimar/Trölladyngja	
Umbótaþáttur/matsþáttur	„Kemur á óvart“
Tækifæri til umbóta	Að skapa rými og tíma þar sem börnin njóta sín og upplifa að það sem kemur á óvart geti jafnframt verið áhugavert og skemmtilegt.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að skapa stundir á svæði sem kallast „Kemur á óvart“. Á þessum stundum og í hópum, munu börnin fá tækifæri til að upplifa fjölbreyttar athafnir, svo sem jóga, stærðfræði, vísindi, matreiðslu, spil, rím, dans og leik með einingarkubbum, auk annarra hugmynda sem kunna að koma frá börnunum sjálfum.
Ábyrgð	Deildastjórar og starfsfólks deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Regluleg samskipti milli deildarstjóra og góð áætlun. Góð samskipti við starfsmenn innan deilda, reglulegar fundir deilda og mat til að ná þessu markmiði að fullu.
Viðmið um árangur	Við ætlum að skapa og skrá góðar stundir þar sem öll börn geta tekið þátt og eru velkomin, þar sem börnin leiða og gleyma sér í leik.





<b>Álfheimar/Trölladyngja</b>	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Þróunarverkefnið: Leik, nám og gleði
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Við viljum við undirstrika mikilvægi leiksins sem meginnámsleiðar barna. Við stefnum að þróa starfshætti sem mæta þörfum barnanna.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Markmiðið er að festa í sessi vinnubrögð þar sem leikurinn er ávallt í brennidepli. Þar er lögð áhersla á stuðning kennara og hvetjandi námsumhverfi. Þannig fá börnin tækifæri til að læra hvert af öðru í gegnum leik.
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjórar, starfsfólks deildarinnar.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2025 – vor 2026
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Regluleg samskipti milli deildarstjóra og góð skipulagning. Nægur og vandaður undirbúningstími starfsfólks til að innleiða markmið í starfið á deildinni. Hópastarfstími nýttur vel til að hringa verkefninu í framkvæmd.
<b>Viðmið um árangur</b>	Undirbúið hlutverkaleikjasvæðið og breytta því reglulega í samræmi við áhugamál barnanna. Gera reglulegar skráningar og bjóða börnum í leik í öllum aðstæðum (frjálsum leik, leikstundir, hlutverkahornið). Ræða við börnin um hvað þeim finnst áhugavert að gera og aðlaga daglega rúttínu í samræmi við það.





Álfheimar/Trölladyngja	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lausnahringurinn
Tækifæri til umbóta	Við viljum halda áfram með innleiðingu Lausnahringsins og auka notkun hans í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta	Á báðum deildum verður eitt barn Lausnahetja á hverjum degi. Það barn fær lausnahring utan um hálsinn og sinnir fleirum umsjónarmannahlutverkum. Umræða um lausnirnar verði fastur liður í samverum. Unnið verður með lausn mánaðarins.
Ábyrgð	Deildastjórar, starfsfólks deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Regluleg samskipti milli deildarstjóra og góð skipulagning. Nægur og vandaður undirbúningstími starfsfólks til að innleiða markmið í starfið á deildinni. Hópastarfstími nýttur vel til að hrinda verkefninu í framkvæmd.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk og börn grípi til Lausnahringsins þegar árekstrar koma upp.





### 10.3 Leikskóladagatal 2026 - 2027

#### Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	Fridagur venlunama	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 Þ	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	Dagur læsis	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 S	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 M	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 L	17 L	17 F	17 M	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 Þ	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 Þ	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 L	31 L	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L

F. h. leikskólans Drafnarsteinn, 1. júní 2026

Halldóra Guðmundadóttir Leikskólastjóri





## 10.4 Umsögn foreldraráðs

### Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Drafnarsteinn

#### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Beeke Stegmann

Guðrún Baldvinsdóttir

Harpa Rut Sigurjónsdóttir

Heiðrún Arna Friðriksdóttir





## Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

### Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið og rýnt í starfsáætlun Drafnarsteins fyrir skólaárið 2026–2027 og þakkar leikskólastjóra og starfsfólki fyrir vandlega og innihaldsríka áætlun sem veitir foreldrum góða innsýn í líf og starf leikskólans.

Í greinargerð leikskólastjóra kemur vel fram hvernig skólaárið 2025–2026 var merkt af jákvæðum breytingum og uppbyggingu. Tilfærsla barna frá Brekku inn í húsnæði Dvergasteins, sem samhliða gerði kleift að búa til góða starfsmannaöstöðu, er skynsamleg og framvirk ákvörðun sem þjónar öryggi barnanna og vellíðan starfsfólks jöfnum höndum. Foreldraráð fagnar þessari breytingu.

Innleiðing Lausnarhringsins er ein af þeim nýjungum sem foreldraráð tekur mjög vel í. Samtalstækið um hegðun og sáttmála, með hugtökunum að skiptast á, vera með, fyrirgefðu, stjórna sér, hjálpa, segja stopp og bjóða knús, endurspeglar þá uppeldissýn sem margir foreldrar deila: að rækta samkennd og samskiptafærni. Það er einstaklega gleðilegt að innleiðingin hafi farið fram í samstarfi við foreldra og séu bæði börn og starfsmenn hæstánægð með hringinn.

Þátttaka í þróunarverkefninu *Leikur, nám og gleði* ásamt Gullborg, Ægisborg og Álftaborg er einnig frábært fyrir Drafnarstein. Foreldraráð fagnar því að skólinn hafi fengið styrk til að halda verkefninu áfram og hlakkar til að fylgjast með áhrifum þess á starf barnanna. Þá er einnig gott að sjá að Þjóðsöguvinnan heldur áfram líkt og síðustu ár, sem hefur verið gífurlega gaman að sjá börnin vinna með stóran hluta af vorönn síðustu ár.

Regnbogavottun leikskólans er lokið og þar með starfi með jafnrétti og fjölbreytni að leiðarljósi sem foreldraráð styður heils hugar. Gott er að sjá að vottunin var undirbúin með fræðslu til starfsmanna og endurskoðun á leik og lesefni.

Grænfanastarf leikskólans, með gróðurhúsið og umhverfisvitundarvinnu, er foreldrum einnig kær og mikilvægur þáttur í menntun ungra barnanna.

Hvað varðar komandi skólaár er foreldraráð ánægt með að í umbótaáætlun sé lögð áhersla á markvissari starfsþróunarsamtöl og skipulag þeirra — þetta er lykilatriði í vellíðan og þróun starfsmanna og mun mjög líklega skila sér inn í daglegt líf barnanna einnig. Námsferðin til





Ísafjarðar og einnig fræðsla Gunnars Helgasonar um leik og nám verður vonandi gagnleg fræðsla og ekki síður styrkjandi samvera fyrir starfsmannahópinn.

Samstarf leikskólans við Vesturbæjarskóla er mikilvæg grunnvinna og undirbúningur fyrir jákvæð komandi skólaár. Foreldraráð fagnar því að samstarfið verði skipulagt nánar á nýju skólaári.

Að lokum vill foreldraráð þakka leikskólastjóra, deildarstjórum og öllu starfsfólki Drafnarsteins fyrir frábært starf og brennandi áhuga á velferð og þroska barnanna. Starfsáætlunin ber þess merki að þarna starfar samhent og hugmyndaríkt teymi sem berst að stöðugum umbótum.

**Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Já þær gera það

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Mjög skýr og vel upp sett og þar af leiðandi aðgengileg og auðlesanleg já

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Já hún er það.

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**

**Fulltrúar í foreldraráði:**

**Harpa Rut Sigurjónsdóttir**  
**Heiðrún Arna Friðriksdóttir**

**Undirskrift fulltrúa í foreldraráði**





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



